



LANDABRÉF



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Njálsgötu 73, R.

1. tbl. 2. árg. apríl 1980.

AÐALFUNDUR LANDFRÆÐIFÉLAGSINS.

Aðalfundur félagsins verður haldinn mánudaginn 21. apríl kl. 20³⁰ í stofu 201 í Árnagarði. Samkvæmt lögum félagsins skal dagskrá aðalfundar vera sem hér segir:

- a) Skýrsla um starfsemi félagsins undanfarið ár.
- c) Kjörin stjórn með skriflegri kosningu.
- d) Kjörnir tveir endurskoðendur reikninga og tveir til vara.
- e) Ákvörðun félagsgjalds.
- g) Önnur mál.

Í stjórn eru kjörnir 7 menn. Formaður er kjörinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér störfum að öðru leyti.

Einfaldur meirihluti ræður í atkvæðagreiðslum.

Þessi aðalfundur er hinn fyrsti í sögu félagsins. Fyrir margra hluta sakir er nauðsynlegt að sem flestir félagsmanna sjái sér fært að koma. Aðalfundur hlýtur að meta hvernig til hefur tekist á fyrsta starfsári félagsins. Marka þarf stefnu á mörgum sviðum og taka þarf afstöðu til mála eins og þýðingar og útgáfu bókarinnar „Ísland“ svo og stofnun tímarits.

Við stjórnarkjör er ljóst að sumir núverandi stjórnarmanna munu ekki verða í kjöri aftur og Eggert Lárusson mun ekki gefa kost á sér aftur til formanns.

B.S. RITGERÐIR Í LANDAFRÆÐI 1977 VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS.

Hér að neðan er listi yfir B.S. ritgerðir í landafræði við H.Í. árið 1977 og auk þess ein ritgerð sem ekki hafði birst áður frá árinu 1978.

Arni Jón Elíasson, Landnýting í Skútustaðahreppi.
Maí 1977.

Gísli Sváfnisson, Íbúa- og atvinnuþróun í Rangárvallasýslu
1970 - 1975. September 1977.

Gréta Ásgeirsdóttir, Íbúar í byggðarlögum við Hvalfjörð.
Janúar 1977.

Guðjón Ó. Magnússon, Nautgripærækt við Hvalfjörð 1974.
Janúar 1977.

Guðmundur Guðjónsson, Gróðurbreytingar í Þjórsárdal 1960 -
1977. September 1977.

Guðmundur Ingvarsson, Patreksfjörður. Munstur sjávarút-
vegs í atvinnulífi og uppbyggingu. Maí 1977.

Konráð Erlendsson, Laugar í Þingeyjarsýslu.
Janúar 1977.

Ólafur Haukur Jónsson, Matvöruverslun í Reykjavík. Dreif-
ing og flokkun. September 1977.

Sigurður Sigursveinsson, Byggð og búsetuskilyrði í Inndjúpi.
Ágúst 1978.

Yngvi Þór Loftsson, Áldursskipting í Reykjavík 1975.
Maí 1977.

ORDANEFND.

Orðanefnd auglýsir enn eftir tillögum að íslenskum landfræðiheimum og þýðingum á erlendum landfræðihugtökum. Hér gildir það einnig að hinir „óbreyttu“ verða að leggja hönd á plóginn til að einhver árangur náist. Ólafur H. Óskarsson, Logalandi 16, sími 30871, vinnusími 27744, er oddviti þessarar nefndar og tekur hann við tillögum að orðum og veitir auk þess upplýsingar um þau íslensk landfræðiheiti sem tekist hefur að safna fram að þessu.

FYRIRLESTUR.

Síðasti fyrirlestur vetrarins verður haldinn 14. apríl kl. 20³⁰ í stofu 201 í Árnagarði. Magnús Pétursson mun þá tala um efnið: Hugmyndir um skiptingu landsins í stjórnsýslueiningar. Menn skulu taka eftir því að fundardagur hefur breyst vegna páskavikunnar. Aðsókn að fræðslufundunum í vetur hefur verið mjög góð, flestir voru á fundi tæplega 80 en fæstir um 20.

LEIÐRÉTTING.

Þau mistök urðu við útgáfu síðasta Landabréfs að rangt var sagt til um númer tölublaðs og útgáfumánuð. Þetta tölublað, sem hafði tilkynningu um fyrirlestra á forsiðu, á að merkjast þannig: 3. tbl. 1. árg. desember 1979. Þeir sem ætla sér að halda Landabréfinu til haga eru vinsamlegast beðnir um að leiðrétta þetta.

BRÉF AÐ NORÐAN.

Siglufirði 16. jan. 1980.

Fréttabréf Landfræðifélagsins.
Hr. ritsj. + ábm. Sigfús Jónsson,
Njálsgötu 73, 101 Reykjavík.

Aðeins nokkur orð viðvirkjandi Fréttabréfinu.

Í 1. tbl. af Fréttabréfi Landfræðifélagsins segir neðanmáls: „Mér finnst rétt að sleppa a-inu úr landafræði því fagið fjallar nú á tímum um landið og athafnir manna þar, en minna um einstök lönd“. - Hér finnst mér þetta öfugt hugsað. Landafræðin fjallar um öll lönd veraldarinnar, en í þrengri merkingu orðsins, landafræði, finnst mér vel mætti hugsa sér, að þá væri átt við einstök lönd eða land. Raunar sýnist mér þetta ákaflega ómerkilegt mál, þar sem báðar orðmyndirnar hljóta nánast að hafa sömu merkingu og breyting ekki önnur en sú, að í öðru tilvikinu er orðið laustengt, sem kallað er (landafræði), en í hinu tilvikinu er það fasttengt (landfræði). Allt og sumt.

Mér finnst það megí alls ekki rjúka til og fara að breyta gömlum og góðum orðum. Það rekur mann bara fyrir eða síðar út í ógöngur. Hins vegar getur hugsanlega verið réttlæt看legt og ágætt að beita hvorri orðmyndinni sem er, allt eftir málsmekk.

Ég mundi t.d. mæla með að segja: landfræðingar kenna landafræði. Og við skulum rétt líta á Fréttabréfin tvö sem komin eru. Þar er þetta alveg að mínum smekk: LANDA-BRÉF (2. tbl.), Landfræðifélagsins (sjá 1. tbl.). Mér fyndist ótækt að segja: Landbréf Landfræðifélagsins. Það hljómar eitthvað svo einstrengingslega.

Einnig finnst mér hæpið, að byrja svo að segja á að troða upp á mann einhverjum voðalegum skilgreiningum. Ég hefi t.d. aldrei heyrt þema (: tema) haft um annað en þema sögu (skáldsögu) eða þema (: tema) tónverks. Þemalandafræði, þetta er ekkert annað en fráfælandi, nýtískulegt bull. Það er ekki hægt að hafa orðið þema um „systematic“. Og svo held ég það liggja ekkert á þessu. Fyrst þarf að skrifa eitthvað, svo kemur hitt seinna. Enn er þetta óplægður akur.

Mér finnst heldur óheppilegt að fara að bera okkur saman við Ameríkumenn, sem eru þúsund sinnum fleiri en við og hafa verið það a.m.k. í 70 ár. Ef þeir geta boðið upp á framhaldsnám í 140 menntastofnunum (þ.e. í landafræði), þá ætti kannske ekki að vera úr vegi fyrir okkur að bjóða upp á slíka kenngu t.d. í einni deild í háskólanum, svona við og við, en það eru hlutföllin milli okkar og þeirra. Og meðan þeir státa af 6000 landafræðikennurum ættum við að geta státað af 6. Það er nú allt og sumt.

Í bréfi 2 (bls. 8) er þess getið m.a., að einhver Loftur hafi sagt að „sagan væri abstrakt fag“. Hvernig í ósköpunum er hægt að segja svona vitleysu? Hvernig ætti sagan, Íslandssagan, mannkynssagan að vera óhlutstæð? Abstrakt (afstrakt) málverk er t.d. það málverk, sem ekki er af neinu sérstöku og heldur ekki um neitt sérstakt. Og þannig er það um alla abstrakt hluti, þeir eru óhlutstæðir.

Fréttabréfið þarf að fá blaðsíðutal. Það er ómögulegt að vitna í það án þess. Nú eru komnar 20 síður, að ég tel.

Eitt hið fyrsta sem ég lærði í landafræði var þetta: „Landafræðin fræðir menn um heiminn. Hún lýsir og skýrir frá: löndunum, vötnunum, veðrinu, jurtunum, dýrunum og mönnum á jörðinni“. Hvað viljið þið hafa það betra?

Nú er komin ágæt ritaskrá frá Markúsi Einarssyni veðurfræðingi, allt um veðrið. Ágætt. Ég hlakka til að fá meira af því tagi. En vel á minnst. Af hverju heitir þetta ritaskrá en ekki ritskrá?

Vinsamlegast,

Guðbrandur Magnússon

FJÁRÖFLUN.

Stuttu eftir stofnun félagsins varð stjórninni það ljóst að fjárskortur myndi standa starfsemi félagsins fyrir þrifum. Þrátt fyrir allríflegt félagsgjald og mjög öra fjölgun félaga í byrjun var ljóst að sjóðir félagsins dygðu aðeins til þess allra nauðsynlegasta svo sem póstgjalda og útgáfu Landabréfsins. Umræður um leiðir til fjáröflunar settu því fljótt svip sinn á stjórnarfundum. Annað atriði sem mikið var rætt framan af var útgáfa tímarits. Lauslegar kannanir á kostnaði við útgáfu tímarits leiddu í ljós að gera mætti ráð fyrir kostnaði á bilinu 1 - 1.5 milljónir fyrir 48 síður í A4 offsetprentað og allríkulega myndskreytt. Nokkur skoðanamunur kom fram um hvort æskilegt væri að gefa út tímarit. Eftir ýtarlegar umræður var ákveðið að róa að því öllum árum að hefja útgáfu tímarits sem fyrst og finna leiðir til fjáröflunar. Í fjáröflunarskyni var reynt að efna til herferðar til fjölgunar félögum en hún mistókst. Við settum okkur það mark að fjölga félögum upp í 300 en þegar þetta er skrifað eru félagar tæplega 200.

Sú hugmynd kom fram að þýða danska bók um landafræði Íslands, bókina „Island“ og fá í laun styrk úr Norræna Þýðingarsjóðnum. Þannig myndum við slá tvær flugur í einu höggi; afla nauðsynlegs fjár til útgáfu tímaritsins og gefa út á íslensku mjög frambærilega bók um landafræði Íslands sem yrði kærkomin námsbók og hliðarlesning bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Þessi hugmynd var samþykkt samstundis og haft var samband við hina dönsku ritstjóra bókarinnar og tóku þeir erindi okkar tveim höndum. Síðan var gengist í því að fá sjálfboðaliða til að taka að sér bókarhluta til þýðingar og gekk það einn og í sögu og er þýðingin nú vel á veg komin. Má búast við því að handrit að þýðingu geti verið tilbúið snemma sumars í hendur útgefanda, og að bókin geti komið út fyrir haustið. Þýðingarstyrkur þessarar bókar er 7000 D.kr. sem á genginu

1 D.kr. = 73 kr. gerir um 510.000,- kr. Þessi upphæð gerir gæfumuninn um það hvort við getum hafið útgáfu tímarits.

Útgáfa tímarits hefur verið aðalhvatin að fjáröflunarbrólti félagsins. Er því ekki úr vegi að greina frá ástæðum þess að núverandi stjórn hefur verið þetta svo mikið kappsmál:

- 1) Við teljum víst, með tilliti til reynslu annarra félaga, að útgáfa vandaðs, alþýðlegs fræðitímarits geti orðið grundvöllur að verulegri fjölgun félaga og færi félaginu þannig auknar tekjur. Fáist fjármagn til að koma tímaritinu af stað muni fjölgun félaga í kjölfar útgáfunnar fjármagna áframhaldandi útgáfu tímaritsins.
- 2) Í lögum félagsins segir „Tilgangur félagsins er að efla landafræði og landafræðirannsóknir og stuðla að kynningu áhugamanna um landafræði á Íslandi“. Einnig: „Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því m.a..... að gefa út fræðitímarit“. Við teljum að með útgáfu landfræðitímarits geti náðst verulegur árangur í að efla landafræði og landfræðirannsóknir. Árangur landfræðirannsókna yrði þar kynntur. Félagið myndi þar eignast röð sem hljómaði víða og yrði landafræði til verulegs framdráttar. Annars eru kostir slíkrar tímaritsútgáfu svo augljósir að engin þörf ætti að vera að fjölyrða um það. Það sem helst ber að taka tillit til í þessu sambandi er kostnaður við útgáfuna, en hann má ekki vaxa félaginu yfir höfuð.

FERÐALÖG.

Fyrsta fræðsluferð félagsins var farin í september s.l. Farið var frá Reykjavík suður með sjá um Vatnsleysuströnd og Rosmhvalanes. Til leiðsagnar voru Hörður Gíslason og Bryndís Bjartmarsdóttir en þau tóku bæði B.S. verkefni sín í landafræði við H.Í. af þessum svæðum. Þrátt fyrir frekar dræma þátttöku tókst ferðin hið besta í alla staði og var afburða fróðleg og skemmtileg. Í ljósi þessarar góðu reynslu af fyrstu ferðinni eru áætlaðar fleiri ferðir í sumar um nágrenni Reykjavíkur a.m.k. Ferðaleiðir verða þá valdar með tilliti til þess að það fái sérfróðir menn til leiðsagnar. Æskilegt að hver ferð verði undirbúin með stuttum fundi fyrirfram þar sem helstu atriðin sem skoðuð verða eru kynnt. Margir stúdentar við H.Í. hafa valið sér verkefni af svæðum í nágrenni Reykjavíkur svo að um er að velja gott úrval af ferðaleiðum. Félögum er bent á að hér er um að ræða gullið tækifæri til skemmtilegra ferða til fræðslu um landafræði afmarkaðra svæða auk þess sem kostur er á fyrir félagsmenn að kynnst. Látum okkur ekki vanta í ferðirnar í sumar.

Í Ferðanefnd hafa nú gefið sig fram þau Þorbjörg Kjartansdóttir, Suðurgötu 4, vinnusími 29344 og Ólafur B. Thoroddsen, Háteigsvegi 22, sími 29231. Þau, og aðrir sem áhuga hafa á að starfa í ferðanefnd, munu skipuleggja ferð(ir) sumarsins og eru allir þeir sem áhuga hafa á að ferðast með okkur beðnir um að hafa samband við þá eða stjórnarmenn. Munum að þetta er félag okkar allra og að öll starfsemi félagsins véltur á því hvort hinir „óbreyttu“ gefi sig fram til þess að vinna þau verk sem vinna þarf.

VIÐBÓT VIÐ RITASKRÁ 1978-1979.

Fyrsti hluti ritaskrár fyrir árin 1978 og 1979 birtist í 2. tbl. 1. árg. 1979. Þessi viðbót við ritaskrána inniheldur einkum skrá yfir rit í náttúrulandafræði og er tekin saman af Eggerti Lárussyni.

Björn Teitsson, (1978) Bosetning í Suður-Þingeyjarsýsla 1300-1600. En punktundersökelse under Det nordiske ødegardsprojekt. Reykjavík.

Borgþór H. Jónsson, (1978) „Kólnandi veðurfar“.
Veðrið, 21, 1, 23-30.

Elkington, L., (1978) „Geothermal energy in Iceland“.
New Scientist, 16. feb. 1978, 439-441.

Gerke, K., D. Möller & B. Ritter, (1978) „Geodätische Lage-messungen zur Bestimmung horizontaler Krustenbewegungen in Nordost-Island“. Wissenschaftliche arbeiten der Lehrstühle für Geodäsie, Photogrammetrie und Kartographie an der Technischen Universität Hannover, 83, 23-33.

Guðrún Larsen, (1979) „Um aldur Eldgjáhrauna“. Náttúrufræðingurinn, 49, 1, 1-26.

Haraldur Sigurðsson (1978) Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848. Reykjavík.

Haraldur Sigurðsson, J.-G. Schilling, P.S. Meyer, (1978) „Skagi and Langjökull volcanic zone in Iceland: I. Petrology and structure.“ Journal of Geophysical Research, 83, 3971-3982.

Haraldur Sigurðsson & R.S.J. Sparks, (1978) „Rifting episode in north Iceland 1874-75 and the eruptions of Askja and Sveinagjá“. Bulletin Volcanologique, 41, 3, 149-167.

- Haraldur Sigurðsson & R.S.J. Sparks, (1978) „Lateral magma flow within rifted icelandic crust". Nature, 274, 126-130.
- Haukur Jóhannesson, (1978) „Þar var ei bærinn sem nú er borgin". Náttúrufræðingurinn, 47, 3-4, 129-141.
- Helgi S. Kjartansson, (1978) „Vöxtur og myndun þéttbýlis á Íslandi 1890-1915", Saga, 151-74.
- Helgi Þorláksson, (1979) „Miðstöðvar stærstu byggða. Um forstígg þéttbýlismyndunar við Hvítá á hámiðöldum með samanburði við Eyrar, Gásar og erlendar hliðstöðvar". Saga, 125-64.
- Hine, A.S., & J.C. Boothroyd, (1978) „Morphology, Processes and recent sedimentary history of a glacial-outwash plain shoreline, southern Iceland". Journal of Sedimentary Petrology, 48 (3), 901-920.
- Ingibjörg Kaldal & Skúli Víkingsson, (1978) Jökulsár í Skaga-firði. I. Jarðfræði. Orkustofnun, raforkudeild, 7805, 1-33.
- Jón Jónsson, (1978) „Eldstöðvar og hraun í Skaftafellsþingi". Náttúrufræðingurinn, 48, 3-4, 196-232.
- Jón Jónsson, (1978) Jarðfræðikort af Reykjanesskaga. I. Skýringar við jarðfræðikort. II. Jarðfræðikort. Orkustofnun, jarðhitadeild, 7831, 1-303.
- Jón Jónsson, (1979) „Kristnitökuhraunið", Náttúrufræðingurinn, 49, 1, 46-50.
- Kononov, V.I. & B.G. Polak, (1978) „Main features of geothermal activity in Iceland". Bls. 40-53 í Soviet Geophysical Commission, Report on Icelandic Geology. Rannsóknarráð ríkisins.
- Kozarski, S. & J. Szuprinski, (1978) „Formy i osady glacialny na przedpolu lodowa Sídu (Islandia)". Dokumentacja Geograficzna, 4, 59 bls.

- Kristján Sæmundsson, (1978) „Fissure swarms and central volcanoes of the neovolcanic zones of Iceland”. Bls. 415-432 í D.R. Bowes & B.E Leake (ritstj.) Crustal evolution in NW-Britain and adjacent Regions. Seel House Press, Geological Journal, Special Issue No. 10. 488 bls.
- Krüger, J. & O. Humlum, (1979) „Deformation og erosionsstrukturer i bundmorænelandskabet ved Mýrdalsjökull, Island”. Dansk geologisk Forening, Årsskrift for 1979, 31-40.
- Leó Kristjánsson, (1978) „Ný heimsmynd jarðfræðinnar”. Náttúrufræðingurinn, 48, 3-4, 106-122.
- Levieil, D. (1979) Fisheries Management in Iceland. M.M.A. ritgerð University of Washington, Seattle.
- Nilsen, T.H., (1978) „Lower tertiary laterite on the Iceland-Faeroe ridge and Thulean land bridge”. Nature, 274, 5673, 786-788.
- Pétur M. Jónasson, (1978) „Lake Þingvallavatn - a nordic project in Iceland”. Nordic ecological Newsletter, 5, 5-7.
- Páll Bergþórsson, (1978) „Spár um grassprettu”. Veðrið, 21, 1, 31-34.
- Schäfer, K., (1979) „In-situ strain relief measurements in Iceland” (sbstr.) Tectonophysics, 52, 1-4, 118-119.
- Sigríður P. Friðriksdóttur, (1978) „Fundarstaðir skelja frá síðjökultíma”. Náttúrufræðingurinn, 48, 1-2, 75-85.
- Sigríður P. Friðriksdóttir, (1978) „Fundarstaðir surtarbrands og annarra plöntuleifa”. Náttúrufræðingurinn, 48, 3-4, 142-156.
- Sigurður Þórarinnsson, (1978) Hverir og laugar. Ölkeldur og kaldavermsl. Náttúruverndarráð. Fjölrít 3, 1-13.

Sigurður Þórarinnsson, (1979) „On the damage caused by volcanic eruptions with special reference to tephra and gases“. 35 bls. í Volcanism and human habitation. Academic Press, N.Y., U.S.A.

Sigurvin Eliásson, (1979) „Kerlingarhólar í Gjástykki“. Náttúrufræðingurinn, 49, 1, 51-63.

Þorleifur Einarsson, (1978) Jarðfræði. 3. útg. Mál og Menning, Reykjavík, 240 bls.

Þorleifur Einarsson, (1978) „Um jarðmyndanir á Tjörnesi“. Árbók Ferðafélags Íslands, 1978, 112-125.

Þorvaldur Bragason
Ljósheimum 22, 4 E
104 Reykjavík